

5. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2013, haldinn 22. október 2013 í Flúðaskóla, kl. 14.30. 25. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi kennara, Lára Bergljót Jónsdóttir og Ingvar Hjálmarsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri og Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði boðuðu forföll.

Dagskrá.

- 1. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2014.**
- 2. Skipurit Flúðaskóla.**
- 3. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna og þá sérstaklega Bjarney Vignisdóttur sem tekið hefur sæti Gunnars Jóhannessonar sem lét af störfum nýlega. Skólanefnd þakkar Gunnari fyrir vel unnin störf í skólanefnd. Gengið var til dagskrár.

1. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2014.

Skólastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá Flúðaskóla fyrir árið 2014, þ.e. skólinn, mötuneytið og skólaselið. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði rúmar 202 milljónir sem er svipuð niðurstaða og áætlun vegna 2013 gerir ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að einingaverð á mat í mötuneyti hækki úr 280 kr. í 310 kr., hressing úr 64 kr. í 67 kr., vistun í skólaseli hækki úr 270 kr./klst. í 284 kr./klst. og síðdegishressing í skólaseli úr 94 kr. í 99 kr. Nemendafjöldi næsta haust er áætlaður 119 börn, en er nú 130.

Skólanefnd samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir Flúðaskóla árið 2014.

2. Skipurit Flúðaskóla.

Skólastjóri lagði fram til kynningar, skipurit Flúðaskóla sem er hluti af skólanámskránni.

3. Önnur mál.

a. Önnur mál. Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.20.